# OPIÐ BRJEF

**62**
**14. nóvbr.**

**er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar fimtudaginn 19. janúar 1928.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vjer samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar fimtudaginn 19. janúar 1928.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

*Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*